


Alþingi  
Erindi nr. P 127/98  
komudagur 12.11.2001



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

9. nóvember 2001

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 5. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, skráning bréfa erlendis, 132. mál. Hér með fylgir umbeðin umsögn

Virðingarfyllst,

Þórður Friðjónsson,  
forstjóri

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, 132. mál.**

---

Í frumvarpi þessu er lagt til að hægt verði að eignarskrá rafbréf í sama verðbréfaflokki í fleiri en einni verðbréfamiðstöð en í lögum nr. 131/1997 er sérstaklega tiltekið að rafbréf í sama verðbréfaflokki verði aðeins skráð í einni verðbréfamiðstöð. Þjóðhagsstofnun telur breytinguna sem felst í frumvarpinu til bóta. Stofnunin álitur það mikilvægt að breytingin auðveldar fjárfestingar erlendra aðila í verðbréfum útgefnum af innlendum aðilum. Með því aukast möguleikar til hagstæðrar fjármögnunar á velferðaraukandi fjárfestingum og neyslu. Auk þess má búast við því að verðmyndun á innlendum verðbréfamarkaði styrkist við breytinguna, sérstaklega þegar til lengri tíma er litið, en á það hefur verið bent að tiltölulega fáir aðilar standa að baki stórum hluta viðskipta á innlendum fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið nefnir t.a.m. í síðustu ársskýrslu sinni að á fyrstu 8 mánuðum þessa árs hafi 4 stærstu þingaðilarnir á Verðbréfaþingi Íslands staðið að baki 95% viðskipta í hlutabréfum þeirra 10 félaga sem mest viðskipti voru með og að tæplega 40% af þessum viðskiptum voru annað hvort fyrir eigin bók viðkomandi þingaðila eða sjóða á þeirra vegum. Meiri þátttaka erlendra aðila í viðskiptum með innlend verðbréf kann því að vera sérstaklega æskileg hér á landi. Greiðari aðgangur erlendra aðila að innlendum verðbréfum er einnig til þess fallinn að styrkja verðmyndun á innlendum gjaldeyrismarkaði.